

Síldarvinnslan hf - Seyðisfirði
Strandarvegi 1-11
710 Seyðisfjörður

Egilsstaðir, 2. nóvember 2022
UST202201-275/F.Æ.
08.10.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 22.9.2022 – Síldarvinnslan, Seyðisfirði

Þann 22. september sl. fór fram eftirlit í fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar á Seyðisfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram

Fimm ábendingar voru gerðar:

1. Mæla skal hraða útblásturslofts frá olíubrennurum þegar katlar eru á eðlilegu vinnsluálagi.
2. Mæla skal lýsi í frárennsli olíuskilju sem tengd er niðurfalli í lýsispró, að lágmarki á þriggja ára fresti
3. Mæla skal rennsli í frárennsli á sama tíma og tekin eru sýni vegna mælinga á fitu, svifefnum og COD.
4. Viðurkenndur búnaður sem tryggir að hámarksafköst verksmiðjunnar séu innan settra marka skal vera í lagi.
5. Tryggja þarf að stærð lekavarnaþróar sé í samræmi við kröfur í starfsleyfi og að skilyrði fyrir að minnka rýmd hennar séu uppfyllt.

Þrjú frávik komu fram er varða:

1. Gr. 2.24 í starfsleyfi. Opið niðurfall er í efnageymslu.
2. 5. tl. 20. gr. reglugerður um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, nr. 884/2017. Lýsisgeymar verksmiðjunnar hafa ekki verið þykktarmældir síðan reglugerðin var sett.
3. Gr. 2.17 í starfsleyfi. Magn fitu í frárennsli frá fitugildru var yfir leyfilegum mörkum skv. starfsleyfi.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 24. nóvember 2022.

Virðingarfyllst,

Freyr Ævarsson
Sérfræðingur

Gottskálf Friðgeirsson
Sérfræðingur